

Umhverfis- og skipulagssvið
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar
bt. Þórðar Más Sigfússonar
Borgatúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 7. júlí 2023
UST202306-321/R.S.
10.04.03

Efni: Beiðni um umsögn - breyting á deiliskipulagi - Vallá

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Reykjavíkur er barst 22. júní 2023 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vallá á Kjalarnesi, Reykjavík.

Í greinargerð kemur fram að sótt hefur verið um breytingu á deiliskipulagi þar sem óskað er eftir að deiliskipulagið leyfi allt að 95.000 stæði fyrir alifugla. Hætta á notkun búra og taka í staðinn upp varpkerfi á pöllum sem eykur aðgengilegt gólfrými fuglanna auk þess sem stækka á búið. Eftir breytingu er gert ráð fyrir að um 65.000 – 75.000 verpandi hænur verði á búinu hverju sinni auk um 10.000 – 20.000 yngri fugla sem ekki hafa hafið varp. Samkvæmt núverandi deiliskipulagi er heimilt að vera með 50.000 fugla á búinu. Því er um að ræða tæplega tvöföldun á fjölda fugla.

Í greinargerðinni er vísað í umhverfismatsskýrslu rekstraraðila eggjabúsins að Vallá vegna stækkunar búsins þar sem því er lýst að uppspretta lyktarmengunar frá búinu sé hæsnaskítur en hann muni verði mun þurrari með nýjum varpbúnaði og því valda minni lyktarmengun. Í umhverfismatsskýrslunni er því gert ráð fyrir að þessi fjölgun fugla muni hafa óveruleg áhrif á þennan umhverfisþátt. Líkt og Umhverfisstofnun benti á í umsögn sinni við umhverfismatsskýrsluna¹ þá blæs á íbúðabyggðina, skólann og leikskólann á Kjalarnesi í austsuðaustan og suðaustan áttum, en skólinn eru einungis um 500 m frá búinu. Umhverfisstofnun vísar einnig í álit Skipulagsstofnunar² við umhverfismatsskýrsluna þar sem Skipulagsstofnun telur óvissu vera um heildaráhrif breytinganna á lyktarmengun og líklega verði áhrifin nokkuð neikvæð í nágrenni Vallár. Í álitinu sínu beinir Skipulagsstofnun því til Umhverfisstofnunar að heimila framleiðsluaukninguna í skrefum og sannreyna áhrif hvernar stækkunarinnar áður en frekari stækkun er heimiluð.

Samkvæmt greinargerðinni fer frárennsli í gegnum rotþró sem tæmd er reglulega, en stærri rotþró hafi verið komið fyrir á jörðinni nýlega sem taki 12-16 tonn og úrbætur á henni hafa verið unnar í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur. Vatnsból í nálægð við búið standi um 70 m hærra í landi en búið og því er ekki talin hætta á að það mengist. Umhverfisstofnun hefur engar athugasemdir við þetta en bendir þó á 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála en

¹ <https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Ums%3b6gn%20UMS%20Vall%3a1%20eggjab%3ba%20Stj%3bb6rneuegg3.pdf>

² <https://www.skipulag.is/umhverfismat-framkvaemda/gagnagrunnur-umhverfismats/nr/1092#alit>

skv. henni skal leyfisveitandi tryggja að leyfi sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Í ljósi þess að óvissa er um áhrif stækkunarinnar á lyktarmengun telur Umhverfisstofnun rétt að tekið verði tillit til þess við gerð skilmála deiliskipulagsins. Að öðru leiti gerir stofnunin ekki frekari athugasemdir við deiliskipulagið.

Virðingarfyllt,

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur

Ríkey Kjartansdóttir

sérfræðingur